

Nd. 134. Frumvarp til laga [70. mál]

um heimild til að selja ábúendum tvær jarðir í Austur-Húnavatnssýslu.

Flm.: Jón Pálmason.

1. gr.

Sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu heimilast með lögum þessum að selja ábúendum jarðirnar Meðalheim í Torfalækjarhreppi og Hamar í Svínavatnshreppi. Jarðirnar skulu seldar á matsverði og söluverðið lagt í sérstakan sjóð, sem ekki má skerða og ber heitið Kristfjárjarðasjóður Austur-Húnavatnssýslu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samkvæmt beiðni sýslumanns Húnavatnssýslu, Guðbrands Ísbergs og eftir samþykkt sýslunefndar. Bréf sýslumannsins frá 6. og 12. þ. m. fylgja hér með, og skýra þau málið svo sem þörf er á.

Fylgiskjal I.

Blönduósi, 6. febr. 1960.

Hér með leyfi ég mér, herra alþingismaður, að fara þess á leit við yður, að þér beitið yður fyrir því á Alþingi því, er nú situr, að heimild fái til þess að selja kristfjárjarðirnar Meðalheim í Torfalækjarhreppi og Hamar í Svínavatnshreppi núverandi ábúendum jarðanna fyrir matsverð og, ef henta þykir, með þeim skilmála, að þær verði um leið gerðar að óðalsjörðum.

Eign Kristfjárjarðasjóðs í Meðalheimi er ekki nú orðið önnur en landverð jarðarinnar, kúgildi og nokkrir einskis verðir peningshúsakofar. Hér frá verður þó að draga eign erfðafestuábúanda í 30 ha. nýrækt. Á jörðinni hvila ca. 300000 kr. ræktunarsjóðslán og byggingarsjóðslán. Beri eitthvað út af með greiðslu afborgana og vaxta, er ekki um annað að gera en að lofa hlutaðeigandi lánsstofnun að ganga að veði sínu, því að fé er sama og ekkert fyrir hendi í sjóðnum og sýslurnar bera

enga ábyrgð á þessum lánum, þótt sýslurnar hafi orðið að heimila töku þeirra lögum samkvæmt. Virðist því einsætt að hverfa að því ráði að leyfa að selja þessar jarðeignir, sem fyrir Kristfjárjarðasjóð eru nær einskis virði. Hið litla afgjald jarðanna hefur farið og fer til þess að reyna með styrkjum til húsabóta að koma í veg fyrir, að þær leggist í eyði. Þetta gildir enn um Hamar, en ábúendur Meðalheims eiga nú öll hús jarðarinnar, sem að gagni eru.

Jörðin Hamar er að vísu í ábúð, a. m. k. til vors, en á s. l. hausti brunnu þar öll bæjarhús, og peningshús, sem þar eru, þykja litt eða ekki nothæf lengur. Þar þarf því að byggja allt upp frá grunni. Nú vill ábúandi ekki leggja fé í nauðsynlegar byggingar á jörðinni, nema hann fái hana keypta, og fylgi réttur til brunabótafjárins, sem ekki fæst greitt, nema byggt sé aftur. Og þess er vissulega ekki að vanta, að aðrir geri betri boð. Er því einsætt, að jörðin fer í eyði, ef sala er ekki leyfð. Sýslunefndir Húnavatnssýslna, sem æ ofan í æ hafa gert samþykktir um að freista að fá að selja jarðirnar, leggja nú á það ríka áherzlu, að söluleyfi fáiast með einhverju móti til þess að koma í veg fyrir, að Hamar, sem er allgóð jörð með ca. 600 hesta töðufalli, fari í eyði, enda kæmi þá hvort eð er til nauðungarsölu á jörðinni vegna veðskulda, sem á henni hvíla.

Um gjafabréf og varðandi opinber afskipti af jörðum þessum vísast til „Lovsamling for Island“, þar sem gjafabréfin er að finna, svo og til skipulagskrár nr. 172/1919. Í þeirri skipulagskrá, sem virðist hljóta að öllu leyti að koma í stað gjafabréfanna, er hvergi bannað að selja jarðirnar, en hins vegar lögð rík áherzla á ávöxtun sjóðanna, sem miklu hagkvæmara er nú að gera með því að leggja þá í Söfnunarsjóð eða banka. Geta má þess sem nærtæks fordæmis, að um eða laust fyrir 1930 fékkst leyfi stjórnarráðsins til þess að selja jarðir amtmannsgjafasjóðs, sem alveg eins var ástatt um. Þar var gert eingöngu ráð fyrir arði af sjóðnum í formi jarðarafgjalda, en það var nær eini vegurinn, og sá langsamlega almennasti, til að ávaxta fé á þeim tíma, er jarðirnar voru gefnar. Um banka var þá ekki að ræða. Sennilega er um fleiri fordæmi að ræða, þó að ég viti ekki skil á þeim. Mér þykir því sennilegt, að hlutaðeigandi ráðuneyti (vantanlega dómsmálaráðuneytið) komist að þeirri niðurstöðu eftir að hafa athugað mál þetta niður í kjölinn, að hvorki sé þörf að leita til Alþingis né dómstólanna, heldur geti það sjálft leyft sölu jarðanna, og það væri að sjálfsögðu einfaldasta og bezta lausnin. En fari svo, að það teljist ekki fært að höggva á hnútinn þann veg, svo sem áður hefur verið gert, er þess heiðzt, að þér berið fram á Alþingi frumvarp til laga um heimild til þess að selja jarðirnar.

Virðingarfyllst,

Guðbr. Ísberg.

Fylgiskjal II.

Blönduósi, 12. febr. 1960.

Í framhaldi af bréfi mínu, dags. 6. þ. m., varðandi heimildaröflun til sölu kristfjárjarðanna Hamar og Meðalheimur skal þetta fram tekið til frekari skýringar eftir nánari athugun þessa máls.

Amtmannsgjafasjóðsjarðirnar, sem samkvæmt gjafabréfi, er prentað er í „Lovsamling for Island“, voru gefnar Vindhælishreppi hinum forna til „ævarandi eignar“, voru allar seldar 20. júní 1926: „að fengnu leyfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins 16. júní þ. á. samkvæmt heimild í konungsúrskurði 1. marz þ. á., þá selur hreppsnefndin og afsalar“ o. s. frv. Andvirði jarðanna var síðan lagt í Söfnunarsjóð og var óhreyfanlegt þar, en vöxtum mátti ráðstafa. Tvímælalaust falla amtmannsgjafasjóðsjarðirnar undir samheitið „kristfjárjarðir“, og því er þarna um fordæmi að ræða, sem ekki er hægt að leggja til hliðar sem markleysu, ekki sízt þegar þess er gætt, að leyfisveitingin er verk þáverandi dómsmálaráðherra, Jóns heitins Magnússonar, sem var viðurkenndur einn snjallasti lögfræðingur sinnar tíðar. Er og vitað,

að á eftir þessum aðgerðum hafa rekið þau sömu vandkvæði sem nú, að meiri hluti jarðarafgjaldanna gekk til svokallaðra endurbygginga og viðbygginga á jörðunum, sem þó, oftar en hitt, var tómmt kák. Hér var að visu aðeins um efnisframlag að ræða, en vitanlega engin leið að tryggja, að efnið væri ævinlega notað svo sem vera bar. En kröfunum og jaginu um framlög í þessu efni linnu aldrei, og svo er raunar enn. Við sölu jarðanna og ávóxtun andvirðis þeirra í Söfnunarsjóði var höggvið á hnútinn, og allur arður sjóðsins kom til úthlutunar, svo sem til var ætlazt, eða nánar tiltekið allur sá hluti arðsins, sem úthluta mátti.

Virðingarfyllst,

Guðbr. Ísberg.